



# Heimsóknir og viðvera aðstandenda við fæðingar og í sængurlegu

## Fæðingavakt 23-B

Hafa verður í huga að fæðingarferlið er viðkvæmt ferli sem ekki ætti að trufla. Þess vegna mælast ljósmæður og læknar fæðingavaktar til þess að eingöngu einn stuðningsaðili sé viðstaddur fæðingu. Auk þess býður aðstaða á deildinni ekki upp á að fleiri séu viðstaddir.

Fæðingin og tíminn fyrst eftir fæðingu er mikilvægur fyrir tengslamyndun foreldra og nýbura. Grunnurinn að brjóstagjöf er lagður á fyrstu tímum eftir fæðingu og mikilvægt að móðir og barn fái frið og tíma til að leggja þann mikilvæga grunn. Því eru heimsóknir á fæðingavakt til fæðandi kvenna og heimsóknir fyrstu tímana eftir fæðingu ekki æskilegar nema í algjörum undantekningartilvikum. Á fæðingavaktinni dvelja konur meðan á fæðingu stendur og í u.þ.b. 2 tíma eftir fæðingu. Eftir það flytjast þær á meðgöngu- og sængurlegudeild.

## Meðgöngu- og sængurlegudeild 22-A

Barnshafandi konur, sængurkonur og nýfædd börn eru viðkvæm fyrir sýkingum. Sýnið tillitssemi og frestið heimsóknum ef þið eruð með kvef eða flensu. Athugið að reglur um heimsóknir geta breyst tímabundið vegna umgangspesta.

Heimsóknir á meðgöngu- og sængurlegudeild eru eingöngu fyrir nánustu aðstandendur. Heimsóknartími er frá kl. 16-19.30.

- Meðgöngu- og sængurlegudeildin er staðsett bæði á 2. og 3. hæð í Kvinnadeildarhúsi.
- Konur sem eiga börn á vökudeild dvelja yfirleitt á 3. hæð (inngangur um Barnaspítala)
- Aðrar sængurkonur og konur sem eru innliggjandi á meðgöngu dvelja á 2. hæð (inngangur í Kvinnadeildarhúsi)